



Verksvið kennsluráðgjafa við grunnskóla Kópavogs

Hlutverk

Kennsluráðgjafi starfar við grunnskóla Kópavogs er hluti af skólaþjónustu grunnskóladeildar. Skólaþjónustan mótast af heildarsýn á aðstæður og hagsmuni nemenda óháð því hver veitir þjónustuna. Kennsluráðgjafi vinnur í nánu samstarfi við ýmsa sérfræðinga, kennara, foreldra og aðra þá sem koma að málefnum nemenda.

Kennsluráðgjafi vinnur að stuðningi við starfsfólk skóla sem felst m.a. í athugunum á náms og félagslegri stöðu nemenda, ráðgjöf vegna kennslu og náms nemenda. Jafnframt ráðgjöf vegna starfshátta skóla og starfsumhverfis einnig vegna nýbreytni-og þróunarstarfa.

Kennsluráðgjafi starfar jafnframt í Tröð, skóla- og skammtímaúrræði. Hann vinnur með starfsfólki Traðar og foreldrum að bættri líðan nemenda og námslegri stöðu þeirra. Kennsluráðgjafi fylgir eftir þeim nemendum sem dvalið hafa í Tröð í sína heimaskóla.

Markmið

Starf kennsluráðgjafa miðar að því að styrkja faglegt starf skólanna þannig að nemendur fái sem best notið sín í námi og fagleg kunnátta kennara og starfsfólks nýtist sem best.

Stjórnun

Kennsluráðgjafi við grunnskóla Kópavogs starfar undir daglegri verkstjórn deildarstjóra og sérfræðiþjónustufulltrúa grunnskóladeildar Menntasviðs og í samvinnu við starfsfólk grunnskólanna.

Starfsfyrirkomulag

Til þess að fá góða innsýn í vinnubrögð, hegðun og líðan nemenda, aflar kennsluráðgjafi upplýsinga m.a. með vettvangsathugunum og samtölum við foreldra og starfsfólk. Hann veitir faglega ráðgjöf og stuðning við kennara, foreldra og aðra starfsmenn skóla að lokinni athugun. Kennsluráðgjafi ráðleggur starfsmönnum skóla um kennslurfræðilegar útfærslur og einstaklingsnámskrár. Hann tekur þátt í teymisfundum nemenda og sér um eftirfylgd mála. Hann fylgist með og miðlar nýjungum varðandi málefni nemenda sem þurfa á stuðningi að halda. Kennsluráðgjafi skilar greinagerðum fyrir hvern nemanda til skólans og skólaþjónustunnar.